

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## MENNINGAR- OG TÓMSTUNÐARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

Mánudagurinn 20. febrúar 2011 kl. 9:00 kom Menningar- og tómsunduraráð Húnaþings vestra saman til 103. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Skjalasafn Húnaþings vestra.
2. Eldur í Húnaþingi.
3. Ungmennaráð Húnaþings vestra
4. Aðsókn í þrektækjasal og íþróttahús
5. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Í kjölfar úttektar Þjóðskjalasafns Íslands um úrbætur hefur sveitarstjórn samþykkt að veita 1.000.000 kr. til kaupa á skáp/skápum í héraðsskjalasafnið. Ráðið vonast til að áfram verði unnið að úrbótum samkvæmt úttektinni.
2. Formaður ráðsins ræddi við forsvarsmenn sveitarfélagsins og er það vilji sveitarstjórnar að styðja áfram við hátíðina í svipaðri mynd og undanfarin ár. Framkvæmd hátíðarinnar verði áfram í höndum sjálfboðaliða.
3. Íþrótt- og tómsundurafulltrúi kynnti fyrir ráðinu stofnun ungmennaráðs í Húnaþingi vestra. Fór yfir hvernig verkefnið er hugsað og tilgang þess.
4. Íþrótt- og tómsundurafulltrúi fór yfir aðsóknartölur í þrektækjasal, sund og íþróttahús. Samkvæmt bráðabirgðatölum er ljóst að umtalsverð aukning er á notkun þrektækjasalar.
5. Engin önnur mál lágu fyrir.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:40.

Halldór Sigfússon(sign),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.),  
Guðmundur Ísfeld(sign),  
Jóna Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi(sign),

Pétur R. Arnarson(sign),  
Guðrún Lára Magnúsdóttir(sign.),  
Karólína Gunnarsdóttir(sign),